

### **3. fundar stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands, haldinn fimmtudaginn 3. mars 2016 í húsakynnum safnsins.**

Fundinn sátu: Anna Agnarsdóttir (AA) varaformaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir (JG), Helga Jóna Eiríksdóttir (HJE). Jóna Símonía Bjarnadóttir (JSB) var við símann á Ísafirði. Enn fremur sat fundinn Eiríkur G. Guðmundsson (EGG) þjóðskjalavörður.

Guðni Th. Jóhannsson og Svanhildur Bogadóttir boðuð forföll.  
Gunnar Gíslason (GG) og Guðmundur Jónsson (GJ) mættu ekki.  
Fundaritari var Helga Jóhannesdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns Íslands.

#### **Dagskrá:**

1. Fjárveitingar til Þjóðskjalasafns og rekstraráætlun 2016.
2. Fjárlagatillögur fyrir árið 2017.
3. Uppgjör ársins 2015.
4. Starfsáætlun 2016.
5. Reglur um úthlutun á fé til skönnunar á skjölum héraðsskjalasafna og skipan matsnefndar.
6. Staða húsnæðismála safnsins, heimild til sölu húsa safnsins.
7. Um staðgengil þjóðskjalavarðar.
8. Viðbrögð Þjóðskjalasafns vegna meintra vanhalda í opinberri skjalastjórn og skjalavörslu.
9. Frágangur fundargerðar.

#### **Útsend gögn með fundarboði:**

- a) Rekstraráætlun fyrir 2016.
- b) Fjárlagatillögur fyrir árið 2017.
- c) Uppgjör ársins 2015
- d) Starfsáætlun 2016 (send síðar).
- e) Reglur um úthlutun á fé til skönnunar á skjölum héraðsskjalasafna og skipan matsnefndar.
- f) Minnisblað um húsnæðismál safnsins.  
Önnur gögn lögð fram á fundi.

Anna Agnarsdóttir setti fundinn kl. 12.10 og gengið var til dagskrár.

#### **1. Fjárveitingar til Þjóðskjalasafns og rekstraráætlun 2016.**

Farið var yfir fjárveitingar til Þjóðskjalasafns Íslands samkvæmt fjárlögum árið 2016 og rekstraráætlun ársins. Í núverandi rekstraráætlun safnsins er gert ráð fyrir um 7. m.kr. afgangi vegna halla ársins 2015.

#### **2. Fjárlagatillögur fyrir árið 2017.**

Farið var yfir fjárlagatillögur ársins 2017. Tillögurnar hafa verið kynntar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

### **3. Uppgjör ársins 2015.**

EGG fór yfir helstu verkefni sem unnin voru á safninu árið 2015.

### **4. Starfsáætlun 2016.**

EGG fór yfir helstu verkefni safnsins árið 2016, farið var yfir verkefni hvers sviðs.

### **5. Reglur um úthlutun á fé til skönnunar á skjölum héraðsskjalasafna og skipan matsnefndar.**

Þjóðskjalasafn fékk á fjárlögum ársins 2016 15.000.000 sem úthluta á til héraðsskjalasafna til skönnunar og miðlunar valdra skjalaflokka. Farið var yfir skilmála og reglur um verkefnið. Styrkurinn hefur verið auglýstur og alls bárust 19 umsóknir frá 15 héraðsskjalasöfnum. Matsnefndin hefur farið yfir allar umsóknir og veittir hafa verið styrkir til 12 verkefna.

### **6. Staða húsnæðismála safnsins, heimild til sölu húsa safnsins.**

EGG fór yfir stöðu húsnæðismála Þjóðskjalasafns Íslands. Umræða meðal nefndarmanna um stöðuna. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur staðfest núverandi áætlun húsnæðismála safnsins.

### **7. Um staðgengil þjóðskjalavarðar.**

EGG fór yfir tillögur sínar um staðgengil þjóðskjalavarðar.

### **8. Viðbrögð Þjóðskjalasafns vegna meintra vanhalda í opinberri skjalastjórn og skjalavörslu.**

EGG fór yfir viðbrögð Þjóðskjalasafn vegna meintra vanhalda í opinberri skjalastjórn og skjalavörslu.

### **9. Frágangur fundargerðar.**